

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um endurmat útgjalda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðuneytið innleitt endurmat útgjalda samkvæmt skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)? Efsvo er, hvenær var það gert og hvaða árangri hefur það skilað?

Árið 2018 óskaði fjármálaráðuneyti eftir því að ráðuneyti legðu til verkefni í fyrsta hluta innleiðingar á slíku endurmati. Fjármálaráðuneyti taldi ekki tímabært að ráðast í þau verkefni sem utanríkisráðuneyti lagði til. Ekki hafa verið gerðar frekari tillögur að verkefnum. Að því sögðu fer fram regluleg endurskoðun á fjármálum útgjaldaliða ráðuneytisins í tengslum við útfærslu á aðhaldi hvers árs.

Alls fór ein klukkustund í að taka þetta svar saman.